

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2013/EES/18/23

nr. 227/2012

frá 7. desember 2012

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum,
vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/11/ESB frá 19. apríl 2012 um breytingu á tilskipun 2004/40/EB um lágmarkskröfur um heilbrigði og öryggi að því er varðar áhættu starfsmanna vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (rafsegulsviðs) (18. sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EEB) ⁽¹⁾.
- 2) XVIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 16jc (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/40/EB) í XVIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32012 L 0011**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/11/ESB frá 19. apríl 2012 (Stjtið. ESB L 110, 24.4.2012, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2012/11/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. desember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 110, 24.4.2012, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.